



TÆKNIMAÐUR REYÐARFJÖRÐUR

Vegagerðin auglýsir eftir tæknimanni á umsjónardeild Vegagerðarinnar á Reyðarfirði. Um er að ræða fullt starf.

Starfssvið

- Eftirlit með framkvæmdum ásamt tæknilegu og fjárhagslegu uppgjöri
- Vinna við undirbúning verka, áætlanagerð og útboðslýsingar
- Skráningar í gagnabanka að loknum framkvæmdum
- Þátttaka í öðrum verkefnum á umsjónardeild

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af ámóta störfum er kostur
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- Kunnátta í ensku og einhverju norðurlandamáli

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2019. Umsóknir berist á netfangið starf@vegagerdin.is.

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðjón Magnússon deildarstjóri umsjónardeildar í síma 522 1940 og Sveinn Sveinsson svæðisstjóri í síma 522 1910.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.